

**Nd.**

**257. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

Ef endurgjald það, er sýslu- eða bæjarfjelag verður að inna af hendi til dvalarhjeraða berklaveikra sjúklinga, samkvæmt lögum nr. 43, 27. júní 1921,

fer fram úr kr. 1,50 á hvern sýslubúa eða kaupstaðar á ári, skal greiða það, er á vantar, úr rikissjóði.

#### Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að einróma áskorun almenns þingmálafundar fyrir Dalasýslu 6. jan. þ. á., og er fundarályktunin á þessa leið:

»Þar sem sýnt þykir, að svo geti farið, að sum sýslufjelög fái vart risið undir þeim meðgjafarkostnaði, sem lög um varnir gegn berklaveiki ákveða þeim, skorar fundurinn á Alþingi að breyta þannig lögum þessum, að gjald þetta fari aldrei fram úr kr. 1.50 á hvern sýslubúa«.